

Reykjavík, 7. júní 2018

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á: nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) um 622. mál á 148. löggjafarþingi um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (622. mál á 148. löggjafarþingi 2017-2018).

UMFÍ er afar jákvætt í garð frumvarps um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og fagnar því að einstaklingar séu upplýstir um notkun þeirra gagna sem til eru um þá. Þetta er nauðsynleg þróun í tæknivæddum heimi þar sem ítarlegar upplýsingar um einstaklinga ganga kaupum og solum í hagnaðarskyni, oftast en ekki fyrir einkafyrirtæki. Þetta hefur sett friðhelgi einkalífsins og frelsi einstaklingsins í hættu – í raun gert hann að vöru.

UMFÍ vinnur að sömu markmiðum og stefnt er að í nýjum persónuverndarlögum, þ.e. að bæta einstaklinga og samfélagið um leið. Stefna UMFÍ til ársins 2020 felur í sér bættu lýðheilsu, betri einstaklinga, betri félög og betra samfélag. Hún vísar til þess að bæta stöðugt það sem fyrir er. Árangurinn felst í jákvæðu áhrifunum á líf fólks og samfélagsins í heild. Til að það geti raungerst í gagnavæddum heimi þarf að skapa umgjörð og regluverk svo einstaklingar geti dafnað á eigin forsendum og bætt sig og aðra um leið.


Yfirlit um þátttöku í skipulögðu íþrótt- og ungmennastarfi

UMFÍ vinnur að því eins og mörg önnur félagasamtök þessa dagana að bregðast við breyttu umhverfi með aðgerðum til þess að uppfylla kröfurnar sem eru gerðar í lagafrumvarpinu. UMFÍ vill þó sérstaklega draga fram einn þátt sérstaklega. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) standa saman að miðlæga kerfinu Felix. Þetta er tölvukerfi sem heldur utan um alla þátttakendur í skipulögðu íþróttastarfi á Íslandi. Hlutur UMFÍ innan kerfisins eru rúmlega 340 félög með meira en 160 þúsund félagsmönnum. Íþróttahéruð, sérsambönd og einstök félög innan ÍSí og UMFÍ hafa beinan aðgang inn í kerfið.

Sambandsaðilar UMFÍ nýta Felix-kerfið til að senda inn skýrslur sínar um félag- og iðkendatal, upplýsingar um stjórn og helstu lykiltölur úr rekstrinum. Þá er hægt að nálgast tölfraedi sem nýtist við stefnumótun auk upplýsinga um ýmsa þróun, kynjaskiptingu iðkenda, aldur þeirra og fleira sem tengist íþróttaiðkun. Upplýsingarnar eru ekki seldar þriðja aðila og ekki nýttar í hagnaðarskyni heldur til að bæta félögin, iðkendur og samfélagið um leið. UMFÍ leggur mikla áherslu á að áfram verði hægt að taka út og vera með yfirlit um heildarstarfsemi íþrótt- og ungmennafélaga í landinu á sama tíma og það sé komið til móts við óskir einstaklinga um friðhelgi einkalífsins og þann rétt að eyða

upplýsingum um sig. UMFÍ veltir því upp í þessari umsögn hvort það sé nauðsynlegt að ítreka upplýsingaöflunina og tölfraði hreyfingarinnar með viðbótaráherslu í íþróttalögum. UMFÍ er tilbúið til samráðs varðandi málið hvenær sem er.

Virðingarfyllst,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
Framkvæmdastjóri UMFÍ